janúar 2002 og gildir til og með 31. desember 2002. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 788/2001 um (1.) breytingu á reglugerð nr. 439/2001 um tollkvóta á grænmeti og niðurfellingu tolla.

Landbúnaðarráðuneytinu, 2. janúar 2002.

F. h. r.

Guðmundur B. Helgason.

Sigríður Norðmann.

2. janúar 2002 Nr. 3

AUGLÝSING

fjármálaráðherra um álagningu opinberra gjalda á árinu 2002.

1. gr.

Skattstjórar skulu eigi síðar en 31. júlí 2002 hafa lokið álagningu opinberra gjalda á menn. Álagningu lögaðila skal vera lokið eigi síðar en 31. október 2002.

2. gr.

Auglýsing þessi sem sett er með heimild í 93. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, sbr. 15. gr. laga nr. 149/2000, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 2. janúar 2002.

F. h. r.

Maríanna Jónasdóttir.

2. janúar 2002 Nr. 4

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 970, 24. desember 2001, um sérstakar ráðstafanir vegna krókabáta.

1. gr.

Í stað: „15. janúar“ í 5. gr. komi: 1. febrúar.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögun nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. janúar 2002.

Árni M. Mathiesen.

Jón B. Jónasson.